

# C-11 ÞVOTTADUFT

## Vörunúmer og umbúðir:

MJ11002	650 g pakki
MJ11004	2,6 kg brúsi
111315	15 kg fata

Notaðar eru eingöngu endurvinnanlegar umbúðir undir vöruna.

## Eiginleikar:

C-11 er kraftmikið þvottaduft án ensíma, sem hentar vel í allan þvott. C-11 er eðlislétt og hentar mjög vel til skömmunar í venjulegar heimilisþvottavélar. C-11 hentar við öll þvottahitastig frá 30-90°C. C-11 situr ekki eftir í skömmunarhólfum heimilisþvottavéla. C-11 hentar vel í öllum gerðum heimilisþvottavéla. C-11 þvær mjög vel með lítilli ofnæmishættu (engin ensím). C-11 inniheldur mild ilmefni og þvotturinn angar því ekki af sterkri þvottaduftslykt í langan tíma. C-11 inniheldur umhverfisvæn sápuefni.

## Notkun:

Notið um 10-20 g af C-11 fyrir hvert kg af þvotti, eftir óhreinindum. Það samsvarar 1-2 dl í 5 kg þvottavél.

## Meðhöndlun:

Sýnið aðgæslu og notið persónuhlífar (sbr. öryggisleiðbeiningar).

## Geymsla:

C-11 geymist í a.m.k. tvö ár frá framleiðsludegi í upprunalegu umbúðunum, lokuðum við 10-25°C.

## Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar við 20°C:

Ástand og útlit: Hvítt granúlat.

pH: ~10,5 í notkunarlausn.

Eðlisþyngd: ~525 kg/m<sup>3</sup>.

## Upplýsingar um innihald: (Þessi listi er ekki tæmandi)

Ójónuð og jónuð sápuefni, síliköt, karbónat, perbórat, NTA, fosfat, CMC, sulfat, ljósvirk bleikiefni og ilmefni.

## Varnaðarmerki:

Xi (ertandi).

## Hættumerking:

Ertir augu og húð.

## Varúðarmerking:

Geymist þar sem börn ná ekki til. Berist efnið í augu eða á húð skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu. Leitið umsvifa-laust læknis ef að slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart, sýnið umbúðamerkingar ef unnt er.



## Ýmsar upplýsingar:

Öryggisleiðbeiningar fást hjá framleiðanda.

Varan er skráð hjá Eitrunarupplýsingastöð (sími 543 2222).